

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hörður Wium Vilhjálmsson, skal vera sýkn af ákærum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 300.00, til hrl. Ólafs Þorgrímssonar, skipaðs verjanda ákærða.

Miðvikudaginn 8. október 1947.

Nr. 161/1946. **Helgi E. Thorlacius f. h. „Matstofunnar Bjarkar h/f“** (Hrl. Magnús Thorlacius)
 gegn

Önnu H. Guðmundsdóttur og Ástríði Ingi-mundardóttur (Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Máli vísað frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. des. 1946 í því skyni að fá hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi felldan. Stefndu hafa krafizt þess, að málinu verði vísað frá hæstarétti og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi Helga E. Thorlacius persónulega eftir mati dómsins. Af hálfu áfrýjanda er þess krafizt, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kröfu sína um vísun málsins frá hæstarétti reisa stefndu meðal annars á því, að „Matstofan Björk h/f“ sé ekki lög-hæfur aðili í máli þessu, með því að aldrei hafi verið gengið frá stofnun hlutafélagsins lögum samkvæmt.

Það er fram komið í málinu, að þann 31. maí 1946 komu saman á fund í því skyni að stofna hlutafélag þau Helgi E. Thorlacius, Rakel Sigurðardóttir, Helga Pétursdóttir, Anna

Guðmundsdóttir og Ástríður Ingimundardóttir. Undirrituðu þau þá stofnsamning hlutafélags, er heita skyldi Matstofan Björk h/f. Voru og félaginu þá settar samþykktir, undirritaðar af sömu aðiljum. Ekki var félagið tilkynnt til skrásetningar á hlutafélagaskrá fyrr en 19. október 1946, og var þá fyrir löngu liðinn frestur sá til skrásetningar, sem mæltur er í síðustu mgr. 10. gr. laga nr. 77/1921. Skrásetningarstjóri neitaði félaginu um skrásetningu, og hefur það aldrei verið skrásett. Verður félagið af þessum sökum ekki talinn löghæfur aðili í dómsmáli, og ber þegar af þeirri ástæðu að taka kröfu stefndu um vísun málsins frá hæstarétti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. desember 1946.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., hefur sóknaraðili, Garðar Þorsteinsson hrl. f. h. Önnu Guðmundsdóttur, Skálholtsstíg 7, og Ástu Ingimundardóttur s. st., Reykjavík, gert þær réttarkröfur, að skiptarétturinn léti skrifa upp og virða eignir og skuldir Matstofunnar Bjarkar og að félagsbúið verði tekið til opinberra skipta.

Varnaraðili, Magnús Thorlacius hrl. f. h. Helga Thorlacius, Ásvallagötu 7, Rakelar Sigurðardóttur, Grundarstíg 15, og Helgu Pétursdóttur, Ásvallagötu 7, allra til heimilis í Reykjavík, hefur hins vegar mótmælt þessum kröfum sóknaraðilja, þar eð hann heldur því fram, að hér sé um hlutafélag að ræða og hafi þegar verið kosin skilanefnd til þess að fara með búið samkvæmt hlutafélagalögunum. Lögðu báðir aðiljar málið undir úrskurð réttarins. Þá hafa og báðir málsaðiljar krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 31. maí s. l. var gerður stofnsamningur að hlutafélaginu Björk. Samkvæmt stofnsamningi þessum, rskj. nr. 2, eru hluthafar 5, og eru það þeir aðiljar, sem nú eigast við í máli þessu og að ofan eru nafngreindir. Hlutaféð var ákveðið kr. 12000.00 og skiptist í tuttugu og fjóra 500 króna hluti, og er allt hlutaféð innborgað. Tilgangur þessa félags var sá, að annast fæðissölu og

leigja húsakynni þau, er þessi félagsskapur segist þá hafa til umráða, til funda- og veizluhalda og selja í því sambandi kaffi og aðrar veitingar. Húsnæði það, sem hér mun átt við, leigði félagið af h/f Flóka þann 6. maí 1946 og er í húsinu nr. 112 við Njálsgötu hér í bæ, en hver sé hinn raunverulegi leigutaki er óljóst samkvæmt samningi þessum, enda hefur það atriði komið til úrskurðar fúgetaréttarins og verður því ekki rætt hér nánar.

Eftir að gengið var frá félagsstofnuninni, mun ekkert hafa verið gert til þess að fá félag þetta skráð í hlutafélagaskrá, fyrr en eftir að mál þetta kom hér fyrir réttinn, eða eftir að samþykkt hafði verið að slíta því. Þrátt fyrir þetta hefur verið rekin starfsemi í áðurgreindu húsnæði í samræmi við tilgang þann, er um getur í nefndum stofnsamningi, þar til 29. september s. l., en frá þeim degi var samþykkt með meiri hluta atkvæða félagsmanna að láta Matstofuna Björk h/f hætta störfum og slíta félaginu.

Var kosin skilanefnd í búinu, sem leitaði löggildingar dómsmálaráðuneytisins, en fékk synjun, þar sem ráðuneytið taldi, að hlutafélagið væri ekki löglega stofnað. Firmaskrárritarinn í Reykjavík hafði og neitað um skrásetningu á félagi þessu með þeim rökum, að þegar væri skráð félag með nafninu „Húsgagnavinnustofan Björk“.

Við munnlegan flutning máls þessa viðhafði umboðsmaður sóknaraðilja eftirgreind ummæli, sem umboðsmaður varnaraðilja hefur krafizt, að hann yrði sektaður fyrir: „að Helgi Thorlacius og bróðir hans Magnús Thorlacius hefði beitt bolabrögðum við að koma umbjóðendum sínum út úr húsnæðinu í húsinu nr. 112 við Njálsgötu,“ svo og þessi ummæli: „að í þessu máli héldi háttvirtur andstæðingur því fram, að félaginu hefði ekki verið slitið, en í greinargerð í fúgetaréttarmáli hélt hann því fram, að félaginu væri slitið. Í öðru hvoru tilfellinginu hlýtur að vera um rangan málflutning að ræða.“

Sóknaraðili byggir kröfu sína um opinber skipti á því, að hér sé alls ekki um löglega stofnað hlutafélag að ræða, svo og að ekki sé rétt, að umbjóðendur sínir þurfi að hlíta því, að skilanefnd, kosin af varnaraðiljum í máli þessu, annist skipti á búi félagsins, enda séu hagsmunir þeirra í sambandi við meðferð búisins svo miklir, að ófært sé, að hún sé falin gagnaðilja, án þess að sóknaraðili fái nokkru ráðið um hana.

Varnaraðili mótmælir hins vegar þessum kröfum sóknaraðilja og heldur því fram, að hér sé um hlutafélag að ræða, sem eigi heimtingu á því að fá skrásetningu og löggildingu á skilanefnd, og heyri því slit á félaginu alls ekki undir skiptaréttinn.

Það er komið fram í málinu, að félagsskapur sá, sem hér er um að ræða, hefur gengið frá félagsstofnuninni þann 31. maí s. l., en enga tilraun gert til þess að fá félagið skrásett, fyrr en eftir að

mál þetta er byrjað. Enn fremur liggur fyrir neitun dómsmálaráðuneytisins um að löggilda skilanevnd, er meiri hluti félagsmanna upplýsir, að hann hafi kosið vegna slita félagsins, sbr. rskj. nr. 17.

Minni hluti félagsmanna, eða sóknaraðili í máli þessu, hefur hins vegar krafist þess, að skiptarétturinn skipti félagsbúinu. Rétturinn lítur svo á, að jafnvel þótt hér væri um hlutafélag að ræða, þá sé skiptarétturinn eini aðilinn, sem bær sé til að skipta félagsbúinu, þar sem félagið hefur ekki getað fengið skrásetningu sem hlutafélag, og áður nefnd skilanevnd hefur ekki getað fengið löggildingu. Eru því kröfur sóknaraðilja um opinber skipti Matstofunnar Bjarkar, Njálsgötu 112, teknar til greina. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hvað kröfum umboðsmanns varnaraðilja viðvikur um, að umboðsmaður sóknaraðilja verði sektaður vegna áðurgreindra meiðandi ummæla, þá þykir ekki nægilega mikil ástæða til þess.

Vegna mikilla anna og lasleika hefur ekki verið hægt að kveða upp úrskurð þenna fyrr.

Því úrskurðast:

Bú Matstofunnar Bjarkar, Njálsgötu 112, Reykjavík, skal tekið til opinberra skipta. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. október 1947.

Nr. 80/1946. **Bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs**
(Hermann Jónsson hdl.)
gegn

Gunnari Ólafssyni og gagnsök
(Jón N. Sigurðsson hdl.).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál vegna verðryrnunar fasteignar í sambandi við skipulag kaupstaðar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 15. júní 1946, og hefur hann gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrund-